

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings vegna fiskeldis á Kópaskeri.

Skipulagsstofnun staðfesti 11. mars 2020 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. febrúar 2020.

Í breytingunni felst að 4,3 ha athafnasvæði A3 er breytt í iðnaðarsvæði I1 fyrir fiskeldisstöð á landi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 11. mars 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2020